



Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9.3.2007

Efni: Umsögn FÍN um frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð, 395 mál, heildarlög

Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) barst bréf dags. 1. febrúar 2007 frá Umhverfisnefnd Alþingis þar sem FÍN er beðið um að veita umsögn um frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð.

FÍN fagnar því að til stendur að friðlýsa Vatnajökul og svæðið umhverfis hann og stofna Vatnajökulspjóðgarð. Félagið tekur ekki sérstaklega afstöðu til þess með hvaða hætti á að stjórna þjóðgarðinum en bendir á að svo virðist sem um sé að ræða mjög þunga og kostnaðarsama stjórnun með litla tengingu við náttúruverndarlög eða við stjórnun annarra friðlýstra svæða í landinu.

Að öðru leiti gerir FÍN eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:


- Lögin eiga að taka gildi 1. maí 2007. Reglugerð mun hins vegar ráða gildissviði laganna. Það mun því ríkja óvissa um hvar núverandi starfsmenn eiga að starfa. Hvergi kemur fram hvenær reglugerðin skuli gefin út sem Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs skal standa að í samráði við svæðisráð og Umhverfisstofnun.
- Lítið er fjallað um réttindi starfsmanna í þessum lögum. Mikilvægt er að réttarstaða starfsmanna sem lögin ná til sé tryggð og að þeir viti hvort og þá hvenær þeim verði sagt upp störfum og hvar á landinu þeir eigi hugsanlega að starfa. FÍN er kunnugt um að ekkert hefur verið rætt við starfsmenn Umhverfisstofnunar. Í bráðbirgðaákvæði með lögunum er starfsmönnum Skaftafellspjóðgarðs og þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum tryggður forgangur að störfum í Vatnajökulspjóðgarði. Þessir starfsmenn eru reyndar starfsmenn Umhverfisstofnunar en ekki þjóðgarðanna sjálfrá þó það séu starfsstöðvar þeirra.
 - Það þarf því að taka af öll tvímæli við hvaða starfsmenn er átt þegar talað er um starfsmenn í þessum lögum.
 - Verður starfsmönnum sagt upp störfum 1. maí við gildistöku laganna eða við útgáfu reglugerðarinnar?
 - Nær forgangur um störf hjá Vatnajökulspjóðgarði til allra starfsmanna Umhverfisstofnunar sem starfa að einhverju leiti við þjóðgarðana eða eingöngu þeirra sem hafa starfsstöðvar í umræddum þjóðgördum? Verður starfsmönnum boðin sambærileg störf á sambærilegum launum hjá Vatnajökulspjóðgarði, verða þjóðgarðsverðir áfram þjóðgarðsverðir?
- Engar kröfur eru gerðar um faglega menntun starfsmanna og stjórnunaraðila þ.m.t. þjóðgarðsvaraða eða þeirra sem sitja í svæðisráðum. Ekki er heldur sérstaklega gert ráð fyrir að þeir hafi nokkra innsýn inn í náttúrufræði. Ekki er heldur gert ráð fyrir að

reglugerðin taki á þessum þætti. FÍN telur að augljóst að gera á kröfu um náttúrufræðimenntun starfsmanna þjóðgarða eins og við á.

- Ekki er gert ráð fyrir að rannsóknir fari fram í þjóðgarðinum né heldur í umræddri reglugerð.

FÍN óskar því eftir því að ofangreindar athugasemdir verði teknar til athugunar þó þær berist seint en velyrði fékkst hjá Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara til að senda inn þessa umsögn.

Með kveðju



Ina Björg Hjálmarsdóttir
formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga